

Heiti áfanga: STÆR2AA05

Titill: Grunnáfangi í stærðfræði

Staða áfanga: Áfanginn er kjarnaáfangi á öllum brautum.

Undanfarar: Enginn

Áfanginn er undanfari fyrir eftirfarandi áfanga: STÆR2BB05, STÆR2BQ05, STÆR2BR05

Stutt lýsing á efni áfangans:

Í áfanganum er lögð áhersla á hugtök og aðferðir sem tengja saman algebru og rúmfræði í hnitakerfi, fjallað er um einföld föll og hagnýtingu þessara hugtaka.

Nokkur lykilhugtök áfangans:

Mengi, einföldun algebrustæða, hnitarrúmfræði, fjarlægð milli punkta, línur, fleygbogar og hringir, fyrsta og annars stigs jöfnur, almenn lausn annars stigs jöfnu, föll og ferlar, veldi, rætur.

Námsmat:

Nemandi þarf að ná lokaprófinu til að ná áfanganum. Annareinkunn (sem er ekki reiknuð nema nemandinn nái lokaprófinu) gildir 30% og byggist á kaflaprófum, heimadæmum og ástundun. Lokapróf er skriflegt og gildir 70%.